

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 15. október 1984****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leirilát sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli****(84/500/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/893/EBE frá 23. nóvember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um efni og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 2. gr. tilskipunar 76/893/EBE segir að innihaldsefni hluta og efna megi ekki berast í matvæli í þeim mæli að heilsu manna gæti stafað hættu af.

Í 3. gr. sömu tilskipunar segir að ráðið setji, samkvæmt málsmeðferðinni í 100. gr. sáttmálans, með tilskipunum sérákvæði um tiltekna hópa efna og hluta (sértilskipanir).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 19.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 95, 28. 4. 1975, bls. 41.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 263, 17. 11. 1975, bls. 66.

Í flestum aðildarríkjanna hafa verið sett bindandi ákvæði um leirhluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í því skyni að vernda heilsu manna, þar sem ákveðin eru mörk fyrir magn af útdregnu kadmíum og blýi.

Þessi ákvæði eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars og hindra þannig stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Þessum hindrunum má ryðja úr vegi með því að setja samræmdar reglur um markaðssetningu þessara leirhluta á bandalagsmarkaði. Nauðsynlegt er því að samræma mörkin og próf- og greiningaraðferðir fyrir þessa hluti.

Þessu markmiði verður best náð með sértilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 76/893/EBE, en almenn ákvæði hennar gilda einnig í þessu tilviki.

Aðlögun tiltekinna eftirlits- og greiningaraðferða að tækni-framförum, sem kveðið er á um í tilskipuninni, er framkvæmdarráðstöfun og til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

Í öllum tilvikum þar sem ráðið felur framkvæmdastjórninni að hrinda í framkvæmd ákvæðum um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ætti að koma

á málsmeðferð til að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í fastanefndinni um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 76/893/EBE.

2. Þessi tilskipun snertir hugsanlegt flæði blýs og kadmíums úr leirhlutum sem fullunnum er ætlað að komast í snertingu við matvæli, eða eru í snertingu við matvæli, og eru til þess ætlaðir.

3. Með „leirhlutum“ er átt við hluti framleidda úr blöndu ólífrænna efna, yfirleitt með miklu leir- eða kísilinnihaldi, stundum að viðbættu dálitlu magni af lífrænum efnum. Hlutirnir eru fyrst mótaðir og mótin síðan hert í eldi. Þá má gljábera, smelta og/eða skreyta.

##### 2. gr.

1. Magnið af blýi eða kadmíum er berst frá leirhlutum má ekki fara yfir þau mörk sem eru sett hér að aftan.

2. Magnið af blýi eða kadmíum er berst frá leirhlutum er ákvarðað með prófi þar sem beitt er greiningaraðferðinni í II. viðauka, en prófunarskilyrðin eru tilgreind í I. viðauka.

3. Ef leirhluturinn er ílát með leirloki er blý- og/eða kadmíumhámarkið sem má ekki fara upp fyrir (mg/dm<sup>2</sup> eða mg/l) hámarkið fyrir ílátið sjálft.

Ílátið sjálft og innra borð loksins skal prófa hvort í sínu lagi og við sömu skilyrði.

Samanlagðar stærðirnar tvær af útdregnu blýi og/eða kadmíum skal, eftir því sem við á, rekja til yfirborðs eða rúmmáls ílátsins sjálfs.

4. Leirhlutur telst uppfylla kröfur þessarar tilskipunar ef magnið af blýi og/eða kadmíum sem skilst frá við prófun í samræmi við skilyrðin í I. og II. viðauka fer ekki upp fyrir eftirtalin mörk:

	Pb	Cd
— 1. flokkur: Hlutir sem er ekki hægt að fylla og hlutir til áfyllingar, þar sem dýpt innanvert, mæld frá neðsta punkti að láréttum fleti efstu brúnar, fer ekki yfir 25 cm	0,8 mg/dm <sup>2</sup>	0,07 mg/dm <sup>2</sup>
— 2. flokkur: Allir aðrir hlutir sem má fylla	4,0 mg/l	0,3 mg/l
— 3. flokkur: Eldunaráhöld: Ílát til pakkningar eða geymslu sem rúma meira en 3 lítra	1,5 mg/l	0,1 mg/l

5. Leirhlutur sem fer ekki meira en 50% fram úr ofantöldum mörkum telst þó uppfylla kröfur þessarar tilskipunar ef að minnsta kosti þrjú aðrir hlutir, sem eru mótaðir eins, jafnstórir, jafnskreyttir og jafngljáandi, eru prófaðir samkvæmt skilyrðunum í I. og II. viðauka og meðaltalmagnið af útdregnu blýi og/eða kadmíum reynist ekki yfir settum mörkum og enginn þeirra fer meira en 50% yfir mörkin.

##### 3. gr.

Breytingar á viðaukunum í ljósi vísinda- og tækniframfara skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. tilskipunar 76/893/EBE, að undanskildum breytingum á 1. og 2. þætti I. viðauka.

##### 4. gr.

1. Innan þriggja ára frá birtingu <sup>(1)</sup> þessarar tilskipunar ákvarðar ráðið í samræmi við málsmeðferðina í 100. gr. sáttmáls:

a) mörk fyrir þá staði á leirhlutum sem ætlast er til að munnurinn snerti;

b) aðferðir til að hafa eftirlit með því að mörkin samkvæmt a-lið séu virt.

2. Á sama tíma endurskoðar framkvæmdastjórnin, á grundvelli eiturefnafræðilegra og tæknilegra gagna, mörkin sem sett eru í 2. gr., með það fyrir augum að lækka þau, og eins lýsingarskilyrðin við prófið í I. viðauka og sendir ráðinu, ef við á, tillögur að breytingum á tilskipuninni.

<sup>(1)</sup> Þessi tilskipun var birt aðildarríkjunum 17. október 1984.

*5. gr.*

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar breytingar á lögum sínum til að fara að tilskipun þessari, þannig að:

- þremur árum eftir birtingu tilskipunar þessarar verði heimil viðskipti með leirhluti sem samrýmast ákvæðum hennar,
- fimm árum eftir birtingu tilskipunar þessarar verði bannað að setja á markað leirhluti sem samrýmast ekki ákvæðum hennar.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar um slíkar breytingar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. geta aðildarríkin bannað eða viðhaldið banni á framleiðslu leirhluta sem samrýmast ekki þessari tilskipun.

*6. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 15. október 1984.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. BRUTON

*forseti.*

## I. VIDAUKI

## GRUNDVALLARREGLUR TIL AÐ ÁKVARÐA FLÆÐI BLÝS OG KADMÍUMS

1. **Prófvökvi (hermir)**  
4% (v/v) ediksýra, í nýlagaðri vatnslausn.
2. **Prófunarskilyrði**
  - 2.1. Prófið fer fram við  $22 \pm 2^\circ\text{C}$  hita í  $24 \pm 0,5$  klst.
  - 2.2. Þegar blýflæði er ákvarðað er breitt yfir sýnið viðeigandi hlífðarefni og það sett undir venjulega lýsingu á rannsóknarstofu.  
Þegar kadmíumflæði eða flæði blýs og kadmíums er ákvarðað er breitt yfir sýnið þannig að tryggt sé að ekkert ljós komist að yfirborðinu sem á að prófa.
3. **Áfylling**
  - 3.1. *Sýni sem má fylla*  
Hluturinn er fylltur með 4% (v/v) ediksýrulausn, þó ekki hærra en 1 mm frá yfirfallsmarki og er fjarlægðin mæld frá efri brún sýnisins.  
Sýni með slétta eða ofurlítið hallandi brún skal fylla þannig að fjarlægðin frá yfirborði vökvans að yfirfallsmarki sé ekki meiri en 6 mm mæld eftir hallandi brúninni.
  - 3.2. *Sýni sem er ekki hægt að fylla*  
Sýnisyfirborðið sem er ekki ætlað að komast í snertingu við matvæli er fyrst hulið með viðeigandi hlífðarlagi er þolir áhrif 4% (v/v) ediksýrulausnar. Sýninu er því næst dýft í ílát með þekktu magni af ediksýrulausn, þannig að prófvökvinn hylji fullkomlega yfirborðið sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli.
4. **Ákvörðun yfirborðs**  
Yfirborð hlutanna í 1. flokki er jafnt bjúgborðinu sem er myndað af óþvinguðu yfirborði vökvans þegar fylgt er kröfunum um áfyllingu í 3. þætti hér að ofan.

## II. VIÐAUKI

## GREININGARAÐFERÐIR VIÐ ÁKVÖRDUN BLÝ- OG KADMÍUMFLÆÐIS

1. **Markmið og gildissvið**  
Með aðferðinni er unnt að ákvarða sérstakt flæði blýs og/eða kadmíums.
2. **Meginregla**  
Sérstakt flæði blýs og/eða kadmíums er ákvarðað með frumeindagleypnimælingu.
3. **Hvarfefni**
  - Öll hvarfefni skulu vera með viðurkenndan greiningarhreinleika nema annað sé tekið fram.
  - Þegar talað er um vatn er átt við eimað vatn eða vatn sem er jafnhreint og eimað vatn.
- 3.1. **4% (v/v) ediksýra í vatnslausn**  
40 ml af ediksýru er bætt út í vatn og fyllt upp að 1 000 ml marki.
- 3.2. **Staðallausnir**  
Laga skal staðallausnir með 1 000 mg/l af blýi og að minnsta kosti 500 mg/l af kadmíum í 4% ediksýrulausn (3.1).
4. **Tæki**
  - 4.1. **Frumeindagleypnimælir**  
Greiningarmörk tækisins fyrir blý og kadmíum skulu vera jöfn eða lægri en:
    - 0,1 mg/l fyrir blý.
    - 0,01 mg/l fyrir kadmíum.  
Greiningarmörkin eru skilgreind sem styrkur efnisins í 4% ediksýru (3.1) er gefur frá sér merki jafnt tvöfaldri bakgrunnstruflun tækisins.
5. **Aðferð**
  - 5.1. **Undirbúningur sýnis**  
Sýnið verður að vera hreint og laust við fitu eða annað það sem líklegt er að hafi áhrif á prófið.  
Sýnið er þvegið í lausn með mildum hreinsilegi við um það bil 40° C hita. Fyrst er það skolað með kranavatni og síðan með eimuðu vatni eða vatni jafnhreinu og það. Loks er látið drjúpa af því og það þurrkað þannig að það verði flekklaust. Ekki má snerta yfirborðið sem á að prófa eftir að það hefur verið hreinsað.
  - 5.2. **Ákvörðun blýs og/eða kadmíums**
    - Sýnið sem þannig hefur verið undirbúið er síðan prófað í samræmi við skilyrðin í I. viðauka.
    - Áður en próflausnin til að ákvarða blý og/eða kadmíum er prófuð skal gera innihald sýnisins einsleitt með viðeigandi aðferð er tryggir að ekkert tapist af lausninni eða sverfist af yfirborðinu sem verið er að prófa.
    - Fyrir hverja röð ákvarðana skal framkvæma núllpróf á hvarfefninu sem er notað.
    - Blý og/eða kadmíum er ákvarðað samkvæmt viðeigandi skilyrðum með frumeindagleypnimælingu.